

## Mjólkurdeilan

## Hætta á mjólkurskortu

Hundruðum þúsunda lítra hellt niður

Birgir Guðmundsson mjólkurbússtjóri Mjólkurbús Flóamanna segir að komi til tveggja daga verkfalls mjólkurfræðinga hjá búinu í dag og á morgun, verði fljótlega skortur á mjólk í Reykjavík, þar sem stærsti hluti mjólkur og ýmissa mjólkurvara komi frá Mjólkurbú Flóamanna. Að sögn Birgis gæti þurft að hella niður miklu magni af mjólk. Mjólkurfræðingar funduðu í gær hjá ríkissáttasemjara.

Vegna þess að engin yfirvinna

hefur verið unnin í mjólkurbúinu undanfarna viku, hefur engin birgðasöfnun átt sér stað, að sögn Birgis. Hann sagði að strax í dag yrði skortur á mjólk á Selfossi. Ef framhald yrði á aðgerðum færi einnig að skorta skyr, jógúrt og aðrar sýrðar mjólkurvörur. En tölverður lager væri til af G-vörum.

Það kemur ekki til greina að mati Birgis að keyra mjólkina sem venjulega færi til mjólkur-

búsins, eitthvað annað. Hann reiknaði með að mjólkurfræðingar myndu bindast samtökum um að taka ekki á móti henni. Þetta mál hefði ekki verið rætt við mjólkurfræðinga og hann vildi ekkert segja hvort það yrði gert. Ef mjólk yrði keyrd í önnur mjólkurbú yrði það gert eftir samkomulag við mjólkurfræðinga.

Ef kjaradeilu mjólkurfræðinga lýkur ekki eftir daginn á morgun

og aðgerðir mjólkurfræðinga í Reykjavík á fimmtudag og föstudag ganga eftir, sagði Birgir að mjólk myndi safnast upp hjá Mjólkurbú Flóamanna. Því magni yrði síðan erfitt að ná niður vegna yfirvinnubannsins og þá gæti þurft að hella niður mjólk. Birgir sagði að nauðsynlegt gæti reynst að hella niður 2-4 hundruð þúsund lítrum. Venjulega færu um 7 hundruð þúsund lítrar í gegnum búid á viku.

-hmp



Hlíf Svavarsdóttir nýbúin að fá Petruska verðlaunin í fyrra. Í dag tekur hún við Bjartsýnisverðlaunum Bröstes.

## Bjartsýnisverðlaun

## Hlíf fær verðlaun Bröstes

Verðlaunin afhent í ráðhúsinu í Lyngby í dag

Hlíf Svavarsdóttir listdansstjóri Þjóðleikhússins tekur í dag við Bjartsýnisverðlaunum Bröstes (Bröstes optimistpris). Verða verðlaunin, 30 þúsund krónur danskar, afhent í ráðhúsinu í Lyngby, Danmörku í dag.

Verndari Bjartsýnisverðlaunanna er frú Vigdís Finnbogadóttir og eru þau veitt Íslendingi einu sinni á ári. Var fyrsta verðlaunafhendingin árið 1981, en þá hlaut Garðar Cortes óperusöngvari Bjartsýnisverðlaunin. Verðlaunahafi í fyrra var Einar Már Guðmundsson, en árinu áður Guðmundur Emilsson hljómsveitarstjóri.

LG

## Erró

## Slær öll met

Stórkostleg listaverkagjöf til Reykjavíkurborgar. Aðsóknarmet á sýninguna. Allar myndir seldar

Erró hefur afhent Reykjavíkurborg höfðinglega listaverkagjöf; um tvö þúsund verk, sem spanna nánast allan hans feril allt frá æskumyndum til mynda frá undanförunum árum. Auk listaverkanna fylgja gjöfinni skissu- og dagbækur, bréfasafn, ljósmyndir og fleira, sem kasta ljósi á listamannsferil Errós. Er fyrirhugað að safnið verði kjarninn í nýrri listamiðstöð, sem sett verður upp á Korpúlfsstöðum.

Erró býr nú til skiptis í Thailandi, í París og á Mallorca. Hann mun lengi hafa haft í huga að gefa Reykjavíkurborg listaverkin, en það hefur tekið sinn tíma að koma safninu saman. Engin skil-




Erró og verkið, sem í framtíðinni mun prýða Borgarleikhúsið nýja. Myndir: Kristinn / Jim Smart.

yrði fylgja gjöfinni af hálfu Errós, en hinsvegar fyrirheit um fleiri verk er fram líði stundir.

Óhætt er að segja að Reykvik-ingar hafi verið gripnir Errómanfu um helgina því þá sáu sýningu hans á sjötta þúsund manns. Á mánuðagsmorguninn klukkan ellefu var sjötta þúsundinu náð og rúmlega það, og er það aðsóknarmet að sýningu á Kjarvals-

stöðum yfir eina helgi. Ef svo heldur sem horfir slær Erró aðsóknarmet Picassos, en sýninguna á verkum hans að Kjarvalsstöðum sáu í allt 18 þúsund manns.

Allar myndirnar á sýningunni eru seldar og var reyndar hluti þeirra seldur áður en sýningin var opnuð á laugardaginn. Meðal lukkulegra eigenda nýrrar mynd-



ar eftir Erró er Borgarleikhúsið nýja, en sú mynd mun hafa verið pöntuð hjá Erró þegar hann sýndi hér síðast, árið 1985.

LG

## Síld

## Samið við Svía og Finna

Kaupa fyrirfram 60-70 þúsund tonn, miðað við síldina hausskorna og slógdregna. Ennfremur ýmsar tegundir af flakaðri síld

Samningar hafa tekist við helstu saltsíldarinnflytjendur í Svíþjóð og Finnlandi á kaupum á 60-70 þúsund tonn á komandi vertíð. Söluverð á hefðbundnum tegundum hækkar um 6% - 7% frá fyrra ári en það er eins og áður í sænskum krónum og finnskum mörkum.

Þegar eru hafnar samningaumleitaniir um fyrirframsölu á saltaðri síld til Sovétríkanna, en formlegar samningaviðræður hafa ekki enn hafist og liggur ekki ennþá fyrir hvenær Sovétmenn verða tilbúnir til þeirra viðræðna. Í frétt frá Síldarútvegsnefnd

kemur fram að eins og á undanförunum árum hafa sænskir og finnskir kaupendur nokkurn frest til að staðfesta endanlegt samningsmagn en þó er búist við að það verði svipað og selt var með fyrirframsamningum á síðastliðnu ári eða samtals 60-70 þúsund tonn, miðað við síldina hausskorna og slógdregna. En um er að ræða allmargar tegundir þar á meðal ýmsar tegundir af flakaðri síld.

Á undanförunum árum hefur tekist í vaxandi mæli að selja saltsíldina til Norðurlanda flakada, ýmist ferskflakada á söltun- arstöðvunum eða flakada eftir að

hún er fullverkuð. Aðdragandi þessara breytinga er þó orðinn alllangur, en vörubróun þessi varð öll auðveldari eftir að tilraunastöð Síldarútvegsnefndar tók til starfa fyrir 4 árum. Frá þeim tíma hafa um 55 þúsund tonn af fullverkaðri síld verið teknar þar til ýmskonar flakavinnslu fyrir erlenda markaði, þar af 25 þúsund tonn frá síðustu vertíð. Miðað við núverandi gengisskráningu er áætlað að útflutningsverðmæti þeirrar síldar sem unnin hefur verið á stöðinni frá byrjun, hafi aukist um 140 miljónir króna.

-grh

## Nýliðastarf SVFI

Slysavarnarsveitin í Reykjavík er nú að hefja nýliðastarf vetrarins. Hefst það með kynningarfundum í húsnæði sveitarinnar, Gróubúð, Grandagarði 1 kl. 20 í kvöld, þriðjudag. Ávallt er tekið vel á móti nýliðum sem vilja taka þátt í slysavarnastarfi, en í fyrra var sveitin kölluð út 33 sinnum og afhafnaði sig jafnt á sjó og landi.

## Pósthúsið R-9 flytur í Mjódd

Póstútibúid R-9 sem þjónar elsta hluta Breiðhóltsins, þ.e. Bökkum og Stekkjum, hefur nú verið flutt af Arnarbakka 2 í nýtt húsnæði í Mjódd. Er heimilisfang útibúsins nú Pönglabakki 4 en það hús verður í framtíðinni skiptistöð SVR. Í útibúinu verður veitt öll

venjuleg þjónusta, þám. pósthaf, forgangspóstur og sala símtækja. Pósthólfum verður fjölgað úr 308 í 420 og geta leigjendur haft aðgang að þeim frá 8-23 alla daga. Afgreiðslutími útibúsins verður hins vegar sá sami og fyrr, þ.e. frá 8.30-16.30 alla virka daga nema fimmtudaga, þá verður opið til kl. 18. Starfsmenn í útibúinu eru 26 og útibústjóri Soffía Jónsdóttir.



Lúðvík Geirsson

## Lúðvík Geirsson fer til Blaðamannafélagsins

Lúðvík Geirsson hefur ákveðið að láta af störfum fréttastjóra Þjóðviljans og helga sig störfum fyrir Blaðamannafélag Íslands, en hann er formaður þess.

Mál hafa æxlast svo til, sagði Lúðvík í gær, að ég hefi verið í leyfi í allt sumar og sinnt ritstörfum og ýmsum verkefnum fyrir Blaðamannafélagið. Ég hefi smám saman sögast sífellt meir inn í dagleg störf þar. Það er erfitt að sinna öllum áhugaverðum verkum samtímis og því hefi ég ákveðið að láta af störfum á Þjóðviljanum og gefa mig meir að fé-

lagslegu starfi fyrir Blaðamannafélagið.

Eftir tíu ára starf á Þjóðviljanum get ég ekki kvatt blaðið nema með tölverðri eftirsjá, þar hefur mér líðið vel, og þrátt fyrir sviptingar á stundum veit ég að vandfundinn er betri hópur samstarfsmanna en sá sem ég hefi fengið að starfa með þar.

Ég óska blaðinu, starfsfélögum mínum og nýráðnum ritstjóra alls hins besta í framtíðinni sagði Lúðvík að lokum - og hafi hann sjálfur heila þökk fyrir þryðileg störf fyrir Þjóðviljan fyrri og síðar.

áb